# Forgangsröðun

„Hver er munurinn á grunnstarfi og stoðstarfi?“ spurði ég, fyrst amma var ræðnari en vant var.

„Grunnstörfin verður alltaf að manna. Þau eru nauðsynleg til þess að tryggja afkomu Blokkarinnar. Stoðstörfin eru meira upp á punt. Þeim er sinnt þegar og ef við höfum mannskap í það.“

„Hvað eru grunnstörf?“

„Nú, Húsvörðurinn er mikilvægasta starfið,“ sagði amma og hvessti augun á mig. „Svo eru önnur grunnstörf sem snúa að fæðuöflun, úrgangshreinsun og viðhaldi fasteigna.“

„Úrgangs…hreinsun?“

„Pjattstörf - ég meina stoðstörf,“ sagði amma eins og hún hefði ekki heyrt í mér, „eru hlutverk eins og Barnakennarinn, Sálusorgarinn og Kórstjórinn. Þetta fólk er gott að hafa en það er ekki bráðnauðsynlegt."

*Blokkin á heimsenda, bls. 65*

Ert þú sammála ömmu um það hvaða störf eru nauðsynleg og hver ekki? Og hvað með störfin sem hún nefnir ekki? Eru tölvuleikjahönnuðir nauðsyn eða lúxus? Hvað með hárgreiðslufólk? En rithöfunda? Skrifaðu nokkur störf á listann.

| **Grunnstörf: Verður að hafa svo samfélagið lifi af** | **Stoðstörf: Gera lífið betra, en eru ekki nauðsynleg** |
|---|---|
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |

